



Veitingahús borgarinnar voru smekktfull um jólin og bar veitingamönnum saman um að það hafi einkum verið erlendir ferðamenn sem fylltu raðirnar. Á veitingastaðnum Apóteki snæddu um 200 manns á jóladagskvöld og ekki var minna að gera á Bæjarins bestu, en þar mokseldust pylsur og var enn biðröð á öðrum degi jóla eftir þjóðarrétti Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Félögin þrjú gera kröfu um afturvirkni

Efling, VR og Verkalýðsfélag Akraness funda með SA í húsaakynnum rikissáttasemjara á morgun. Félögin slitu sig nýverið úr samfloti með Starfsgreinasambandinu. Formaður VLFA væntir ekki stórtíðinda af fundinum en félögin muni ganga hart eftir svörum frá SA.

KJARAMÁL Efling, VR og Verkalýðsfélag Akraness (VLFA) gera kröfu um að samningur félaganna við Samtök atvinnulífsins (SA) muni gilda afturvirkni til þess dags er núverandi samningar renna sitt skeið.

Stettarfélögin þrjú klufu sig nýverið út úr samfloti með Starfsgreinasambandinu (SGS) og visuðu deilunni til rikissáttasemjara. Fyrsti fundur þrætuaðila verður á morgun.

„Fundurinn er hugsaður til gagnsæðunar þar sem sáttasemjari mun kalla eftir kröfugerðum okkar og þeirra. Ég vænti ekki stórra tíðinda af þessum fundi,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA.

Vilhjálmur segir þó að félögin muni reyna að knýja SA til að svara grundvallarspurningum er lúta að kröfugerð félaganna.

„Í gegnum tíðina hefur það gerst

að samningar hafa kannski ekki náðst fyrr en fjórum eða fimm mánuðum eftir að forveri þeirra rennur út. Dragist viðræður í mánuð þýðir það að launafólk verður af allt að fjórum milljónum,“ segir Vilhjálmur.

Að sögn Vilhjálmur er það „ófrávikjanleg krafa“ félaganna þriggja að samningarnir verði afturvirkir til 1. janúar á næsta ári. Fordæmi séu fyrir því meðal starfsmanna ríkisins

að kjör hafi verið leiðrétt afturvirkir en því hafi ekki verið til að dreifa á almennum markaði.

„Samkomulag um afturvirkni mun gera okkur kleift að nýta tímann vel. Verði fallist á það mun verða meira andrými til að semja. Ef ekki þá verður að hraða samningum. Afleiðingar geta orðið slæmar ef sátt næst ekki,“ segir Vilhjálmur.

„Á fundinum munum við fara með

rikissáttasemjara yfir gögn sem við höfum áður farið yfir með félögunum þremur og SGS. Þar eru rúmlega 200 síður stúttfullar af tillögum og greiningum frá SA. Nú hefist þetta formlega ferli en samtímis höldum við áfram að semja við önnur félög sem ekki hafa vísað málinu til sáttasemjara. Gangurinn í þeirri vinnu er mjög góður,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA. —jóe



Sigpróður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Kvænnaathvarfsins.

Margar flúðu ofbeldi yfir jólin

SAMFÉLAG Alls dvöldu nítján konur og börn í Kvænnaathvarfinu yfir jólin, sem er svipaður fjöldi og síðustu ár. Um helmingur dvalarkvenna er að jafnaði erlendir og var því fjölbjólegur blær yfir jólahaldinu. Góður stuðningur fyrir jólin gerði það að verkum að fátækar fyrirverandi dvalarkonur fengu glaðning og aðstoð sömuleiðis. — smj / sjá síðu 4

Fréttablaðið í dag

SKODUN Þorvaldur Gylfason spyr hvað við gerðum rangt. **11**

SPORT Allt það helsta frá innlendum og erlendum íþróttum á árinu 2018. **14, 16, 22**

MENNING Jónas Sen gerir upp tónlistarárið 2018. **29**

LÍFIÐ Apple Airpod var bæði vinsælasta vefgjófin þessi jólin sem og heitasta óskin. **34**

PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlökunum Gallup apríl-júní 2015

nettó

FRÁBÆRT VERÐ!

Heill kalkúnn
1.198 KR/KG

4BLS BÆKLINGUR
Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG

UTSALA ARSINS

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 | Akureyri • Undirhlöð 2

SMÁRALIND

GLÆSILEG JÓL

OPIÐ 11-21 Í DAG

Veður



Gengur í suðaustan 10-15 með rigningu, fyrst suðvestanlands, en hægari og þurr norðaustan til þar til siðdegis. Suðlægari og dregur úr úrkomu um landið sunnan- og vestanvert í kvöld. **SJÁ SÍÐU 26**



Kolbeinn Aron Arnarson. MYND/ÍBV

Kolbeinn Aron er látinn

ANDLÁT Kolbeinn Aron Arnarson, markmaður ÍBV í handbolta, varð bráðkvaddur á heimili sínu á aðfangadag. Íþróttafélagið greindi frá andláti Kolbeins Arons í gær en hann var 29 ára gamall. Í tilkynningu ÍBV sagði að Kolbeinn Aron hefði verið einn af lykilmönnum í uppbyggingu og velgengni handboltans í Vestmannaeyjum á undanföllum árum.

Hann lék með yngri flokkum ÍBV og lék sinn fyrsta leik með meistaraflokki sautján ára gamall, árið 2006. Kolbeinn Aron spilaði alls 279 leiki fyrir ÍBV og var því fjórði leikjahæsti leikmaður félagsins frá upphafi. Hann vann Íslandsmeistaratitil með liðinu árið 2014 og bikarinn ári síðar.

„Fráfall Kolbeins Arons er öllum sem þekktu hann mikið affall. Hjá okkur sem vorum með honum í handboltanum situr eftir sorg og söknuður; þakklæti og virðing,“ sagði í tilkynningunni.

Þar sagði enn fremur að fjölskylda Kolbeins Arons vildi koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem sýnt hafa henni stuðning og samhug á þessum erfiðu tímum. – þea

Umbúðaflóðið látið hverfa



Þessi starfsmaður Reykjavíkurborgar var mættur á vaktina til að hreinsa til í kringum grenndargáma miðborgarinnar í gær, annan dag jóla. Gjarnan fyllast tunnur og gámar af umbúðum og afgangi jólaenda óhófið mikið. Þá er gott að vita af mönnum sem þessum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Bústaður brann

BRUNI Sumarbústaður í Sléttuhlíð í Hafnarfirði brann til grunna í gærmorgun. Engan sakaði utan einn slökkviliðsmann sem slasaðist við störf og var fluttur á slysadeild til aðhlynningar.

» Nánast ekkert var eftir af bústaðnum þegar slökkvilið bar að garði.

Tilkynning frá fólki í nærliggjandi sumarbústað barst slökkviliði laust eftir klukkan sex í gær. Bústaðurinn var aelda þegar slökkviliðið bar að. Tankbíll með 10 þúsund lítra af vatni var sendur með, enda aðgengi að vatni takmarkað í sumarbústaðahverfinu. Slökkvistarfi lauk klukkan ellefu fyrir hádegi.

Eldsúptök eru ókunn. – smj

Aldrei fleiri tegundir en jólabjórssala dróst saman

Sala á jólabjór dróst saman um 11 prósent fyrir þessi jól samanborið við sama tíma í fyrra. Aldrei hafa þó fleiri tegundir hátíðarbjórs verið í boði eða rúmlega 60. Salan jafngildir því að hver Íslendingur með aldur til hafi keypt sér 5 flöskur.

VÍÐSKIPTI Sala á jólabjór dróst saman um ellefu prósent fyrir þessi jól samanborið við sama tíma í fyrra. Aldrei hafa fleiri tegundir jólabjór verið til sölu í verslunum Vínubúðarinnar.

Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR höfðu þann 19. desember síðastliðinn selst 476 þúsund lítrar af jólabjór síðan sala á honum hófst þann 15. nóvember. Á sama tíma í fyrra höfðu Íslendingar hins vegar keypt 535 þúsund lítra. Samdráttur upp á 11 prósent. Þar að auki voru á þessum tíma í fyrra fjórir sölu dagar eftir til jóla en í ár aðeins þrír.

Í ár líkt og fyrr ár kemst enginn jólabjór með tærnar þar sem Tuborg Julebryg hefur hælana. Langmest-seldi jólabjórinn í ár sem fyrr. Þann 19. desember höfðu selst 223.436 lítrar af Julebryg eða sem nam 46,9 prósentum af heildarlitrum seldum fyrir jólin.

Víking Jólabjór kemur næstur með 51.667 lítra eða 10,8 prósent markaðarins en næstu tegundir eru Jólágull og Thule Jólabjór. Sjá af tíu mest seldu tegundunum eru alis-lensk framleiðsla.

Svo virðist þó sem aukid framboð af tegundum hafi ekki orðið til þess

Mest seldi jólabjórinn

	Lítrar	Hlutfall%
1. Tuborg Julebryg	223.436	46,91%
2. Víking Jólabjór	51.667	10,85%
3. Jólágull	38.560	8,10%
4. Thule Jólabjór	35.760	7,51%
5. Jóna Kaldi	24.089	5,06%
6. Föroya Bjór Jólabryggj	19.612	4,12%
7. Egils Malt Jólabjór	18.049	3,79%
8. Askasleikur Amber Ale nr. 45	6.968	1,46%
9. Einstök Doppelbock	5.968	1,25%
10. Royal X-Mas hvítur	5.382	1,13%

Tölur frá og með 19. desember



Íslendingar kneypa Jólabryggjó frá Tuborg sem aldrei fyrr og er Tuborginn langmest seldi jólabjórinn nú líkt og áður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

að auka sölnuna á tímabilinu sem um ræðir. Aldrei hafa fleiri tegundir jólabjór verið á boðstólum en í ár eða ríflega sextíu. Til marks um fjölgunina undanfarin ár þá eru tegundirnar nær tvöfalt fleiri nú en þær voru fyrir aðeins tveimur árum þegar 34 tegundir voru til sölu í Vínubúðunum. Í fyrra voru þær 47.

Þó salan virðist vissulega hafa dalað eitthvað milli ára þá jafngildir salan í ár á þessu tímabili því að ríflega 1,4 milljónir flöskna (33 cl) hafi verið seldar. Á rétt rúmlega mánuði var salan því sem nemur því að hver einasti Íslendingur með aldur til áfengiskaupa hefði keypt sér fimm lítla flöskur af jólabjór.



mikael@frettabladid.is

GÓÐAR LYKTIR
Á GLEÐIRÍKU ÁRI

25%
afsláttur

Allur ilmur, ilmkassar, snyrtivörur og sokkabuxur



Við þökkum
samfylgdina 2018

Sjáumst heil eftir áramót

lyfja.is

Opið til klukkan 18 á gamlársgagn
í Lágmúla og á Smáratorgi. Tilboðið
gildir til og með 31. desember.

 **LYFJA**
– Lifið heil

Háskóli Íslands varði stofnana mest í risnu

SAMFÉLAG Háskóli Íslands varði 26,7 milljónum króna á fyrstu tíu mánuðum ársins í risnu. Þetta kemur fram í svari skólans við fyrirspurn Fréttablaðsins. Á vefnum opinreikningar.is sést að Háskóli Íslands er sú stofnun ríkisins sem eyðir mestu fé í risnu. Ef aðeins er horft á tímabilið frá apríl (þegar stofnanir fóru að birta reikninga á vefsíðunni) til október notaði Háskóli Íslands 22 milljónir króna í risnu. Utanríkisráðuneytið eyddi 10 milljónum króna og forsætisráðuneytið 4,5 milljónum.

Risna er kostnaður sem stofnun eða embætti efnir til í þeim tilgangi að sýna þeim sem risunnar nýtur gestrisni, þakklæti eða viðurkenningu. Í reglum skólans segir að til risnu teljist nauðsynlegur kostnaður í sambandi við veitingar við sérstök tilefni. Þar á meðal vegna kostnaðar við móttöku á andmælendum, erlendum gestum, fyrirlesurum, innlendum gestum og starfsmönnum háskólans.

Í svari Háskóla Íslands við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram

að tilefni risnu geti verið misjöfn, allt frá ráðstefnum, málþingum og hátíðlegum viðburðum yfir í móttöku erlendra gesta og doktorsvarnir. „Í júní eru brautskráningar úr öllum deildum skólans auk þess sem sumarmánuðirnir eru vinsælir til ráðstefnuhalds. Þá eru sumarnámskeið fyrir erlenda nemendur í sumum deildum skólans. Rétt er að geta þess að ráðstefnu og sumarnámskeið eru oftast greidd eða styrkt af þriðja aðila þó að kostnaðurinn fari í gegnum bókhald háskólans.“ – bg



Háskóli Íslands gerði vel við gesti sína á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Snapchat-linsur fyrir hunda

TÆKNI Snapchat hefur sett í loftið svokallaðar linsur, eða filter, sem virka fyrir hunda. Frá þessu greindi The Verge í gær. Lengi vel hefur mannfólkið skemmt sér við að setja á sig hundafiltra á Snapchat og nú er sem sagt komið að þessum ferfætta besta vini mannsins að leika sér að fidusnum.

Hundar eru reyndar ekki fyrstu ferfætlingarnir til þess að fá sérstök linsur á Snapchat. Fyrirtækið setti í loftið sérstakar linsur fyrir ketti í nóvember. Það er því greinilegt að topparnir hjá Snapchat eru kattafólk.

Úrvalið fyrir hunda er takmarkað enn sem komið er. Í myndbandi sem Snapchat birti mátti sjá að hægt er að setja pitsu utan um höfuðið á hundum, skella á þá gleraugum eða jafnvel hreindýrshornum. Svona í anda jólanna. – þea

Jörðin skalf á Ítalíu

ÍTALÍA Að minnsta kosti 28 meiddust þegar 4,8 stiga jarðskjálfti reið yfir Sikiley, nærri eldfjallinu Etnu, í gær. Skjálftinn átti upptökt sín nærri bænum Viagrande.

Tíu voru flutt á sjúkrahús vegna meiðsla sem fólkið hlaut af völdum braks er hrundi ofan á það. Skjálftinn var sá sterkasti frá því að gos hófst í Etnu á mánudaginn. – þea

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Nítján konur og börn dvöldu í Kvennaathvarfinu yfir jólin

Hátt í tuttugu konur og börn dvöldu í Kvennaathvarfinu yfir jólin. Um helmingur dvalarkvenna er að jafnaði erlendur og var því fjölþjóðlegur blær á jólahaldinu. Góður stuðningur fyrir jólin gerði það að verkum að fyrrverandi dvalarkonur, sem enn eru að koma undir sig fótunum, fengu notið góðs af aðstöðinni.

SAMFÉLAG „Það voru skráðir hjá okkur tæplega 20 íbúar yfir jólin, tíu konur og níu börn og langflest voru í athvarfinu öll jólin,“ segir Siggrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins. Hún segir fjöldann nokkurn veginn á pari við það sem verið hefur síðastliðin jól, í það minnsta ekki fleiri en verið hefur. Samsetning dvalarkvenna nú var sömuleiðis svipuð og í fyrra. Bæði íslenskar og erlendar konur með börn sín.

„Það er þannig yfir árið hjá okkur að helmingur dvalarkvenna er af erlendum uppruna og erlendu konurnar dvelja að jafnaði lengur og þannig er það um jólin líka. Við erum svo lán-söm að fá að halda jól sem bera keim af jöllum héðan og þaðan úr heiminum.“

Sem fyrr var gert gott úr slæmri stöðu en Kvennaathvarfið er sem kunnugt er athvarf fyrir konur sem ekki geta búið heima hjá sér vegna ofbeldis. Til athvarfsins leita því konur og börn sem búa við slíkt ofbeldi að gleðileg jól heima fyrir eru nær ómöguleg.

Börnin sem dvöldu nú um jólin voru á öllum aldri að sögn Siggrúðar, allt frá unglingum og niður í litil börn. Ekki er því útlokað að einhverjir gestanna hafi þarna verið að eiga sín fyrstu jól. Siggrúður segir kræsingar hafa verið á borðum og glaðning fyrir alla sem þarna áttu um sárt að binda.

„Það eru svo margir sem hugsa vel til athvarfsins og íbúa fyrir jólin að það flóði allt í kræsingum,



Siggrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þar sem svo margir hugsuðu hlýlega til okkar þá vorum við aflögufer með ýmsan jólaglaðning.

Siggrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins

gjöfum og glaðningi. Jólaveinninn kitti við á aðfangadag og vakti mikla lukku. Svo höfðum við þetta hver með sínu sniði bara.“

Fyrrverandi gestir, sem enn eru að koma undir sig fótunum, nutu einnig góðs af þessu.

„Við hittum líka fyrrverandi

dvalarkonur, sem kannski margar eiga enn í fjárhagslegum erfiðleikum, og þar sem svo margir hugsuðu hlýlega til okkar þá vorum við aflögufer með ýmsan jólaglaðning út úr húsi líka. Við eigum því ýmsum miknið að þakka í kringum jólin.“ – mikael@frettabladid.is

Erum með mikið úrval af allskonar bílaverkfærum á frábæru verði!

VIAR 12V loftdætur í miklu úrvali.

7.495

Jeppatjakkur 2.25t 52cm.

17.995

Omega Viðgerðarkollur

7.495

Hleðslutæki 12V 6A

4.995

6T Búkkar 605mm Par

9.999

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vi@verkfæralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Áramótaskraut og hattar

Happy New Year!

Party Búðin

Finndu okkur á

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Deilt um hleðslu rafbíla

SAMFÉLAG Kærufnd húsamála gat ekki gefið álit sitt á því hvort samþykki allra lóðarhafa væri nauðsynlegt áður en hleðslustaurum fyrir rafbíla yrði komið fyrir við húséign þeirra. Ástæðan var sú að ekki lá fyrir hverslags staura var um að ræða.

Um er að ræða húsfélag sem stofnað var í upphafi árs. Á húsfundi í vor var um það rætt að koma upp hleðslustaurum fyrir rafbíla á kostnað húsfélagsins. Einn íbúðareigandi lýsti því yfir að hann samþykkti ekki slíkar framkvæmdir.

Í áliti kærufndarinnar kom fram að uppsetning hleðslustaura fæli ekki í sér breytingu á hagningu sameignar væru umrædd bilastæði áfram notuð sem bilastæði. Því dygði samþykki einfalds meirihluta til þess. Ætti hins vegar að sérmerkja bilastæði fyrir rafbíla þyrfti samþykki allra fyrir þeirri

» Nefndin taldi ekki nauðsyn að allir samþykktu uppsetningu stauranna. Annað gildi ef sérstök rafbíla-stæði yrðu merkt.

breytingu. Hið sama gildi ef nýta ætti bilastæði sem hleðslustæði enda þá um breytta nýtingu á sameign að ræða.

Í áliti segir líka að einnig gæti komið til álita hvort uppsetning staurins teldist „óvenjulegur og dýr búnaður“ í skilningi fjöleignarhúsala. Skipti þar máli hve dýrir staurarnir eru og hvernig kostnaður vegna notkunar þeirra skiptist. Í ljósi þess að ekki lá fyrir hvernig framkvæmdinni yrði háttáð taldi nefndin sig ekki geta gefið álit sitt á hvort framkvæmdin væri í samræmi við lög. – jõe



FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

- FLUGELDAR Í 50 ÁR

SÖLUSTADIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Reykjavík - Vesturbær

- Risaflugeldamarkaður björgunarstöðinni Gróubúð, Grandagarði 1
- við Sundlaug Vesturbæjar

Seltjarnarnes

- Björgunarstöðin Gaujabúð við Suðurströnd

Reykjavík - Austurbær

- Risaflugeldamarkaður húsi Flugbjörgunarsveitarinnar, við Flugvallaveg
- í Skeifunni
- við Holtagarða
- við Lágmlúla
- Skátaheimili Skjöldunga, Sólheimum 21a
- Kringlan (við World Class)

Reykjavík - Grafarvogur

- Spöngin
- Egilshöll

Reykjavík - Breiðholt

- við verslunina Nettó í Mjódd

Reykjavík - Árbær/Höfði

- Risaflugeldamarkaður Malarhöfða 6
- við Fylkisheimilið
- Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123 (við Bónus)

Reykjavík - Grafarholt

- Húsasmiðjan

Reykjavík - Norðlingaholt

- Norðlingabraut 1

Kópavogur

- Risaflugeldamarkaður björgunarmiðstöðinni við Bryggjuvör, Bakkabraut 4
- Skeljabrekka (há Bónus)
- Kraftvélur
- Salalaug
- Krónan við Vallarkór 4

Garðabær

- Risaflugeldamarkaður við Bæjarbraut
- Kaupún á móti IKEA
- Haukshús á Álfanesi

Hafnarfjörður

- Risaflugeldamarkaður Björgunarmiðstöðinni Hvaleyrarbraut 32 (aðkoma frá Lónsbraut)
- Flatahrauni 14, (gamla slökkvistöðin)
- Tjarnarvelli

Mosfellsbær

- Björgunarsveitarhúsið, Völuteigi 23
- við KFC

SÖLUSTADIR UM ALLT LAND

Akranes

Björgunarmiðstöðin, Kalmansvöllum 2

Borgarnes og Borgarfjörður

Björgunarsveitarhúsið, Brákarbraut 18
Bútaeknihúsið á Hvanneyri
Björgunarsveitarhúsið
Þorsteinsbúð, Reykholti

Snæfellsnes sunnanvert

Björgunarsveitarhúsið, Laugagerði

Stykkishólmur

Björgunarsveitarhúsið, Nesvegi 1a

Grundarfjörður

Björgunarsveitarhúsið, Sólvöllum 17a

Rif

Björgunarsveitarhúsið, Von, Hafnargötu 1

Búðardalur

Björgunarsveitarhúsið, Vesturbraut 12

Reykhólar

Björgunarsveitarhúsið, Suðurbraut 5

Patreksfjörður

Björgunarsveitarhúsið
Sigurðarbrú við Oddagötu

Bíldudalur

Björgunarsveitarhús Hafnarbraut 12

Barðaströnd

Brjánsækur

Tálknafjörður

Björgunarsveitarhúsið
v/Strandgötu 42b

Súðavík

Björgunarsveitarhúsið, Ákabúð

Ísafjörður

Félagsheimilið Hnifsdal

Bolungarvík

Björgunarsveitarhúsið, Hafnargötu 60

Flateyri

Bryggjuhúsinu

Suðureyri

Björgunarsveitarhúsið, Skólagötu 3

Þingeyri

Björgunarsveitarhúsið
Stefánsbúð

Drangsnes

Björgunarsveitarhúsið,
Grundargötu 21

Hólmavík

Rósabúð, Höfðagötu 9

Blönduós

Björgunarsveitarhúsið,
Efstubraut 3

Skagaströnd

Í húsi Rauða krossins

Hvammstangi

Björgunarsveitarhúsið
Húnabúð, Höfðabraut 30

Hofsós

Björgunarsveitarhúsið við
Skólagötu 1, (nýbygging)

Varmahlíð

Björgunarsveitarhúsið við
Sauðárkróksbraut

Sauðárkrúkur

Björgunarsveitarhúsið
Sveinsbúð, Borgarröst 1

Siglufjörður

Björgunarsveitarhúsið,
Tjarnargötu 18

Eyjafljóðarsveit

Hrafnagilsskóli

Ólafsfjörður

Námuvegi 2, (vestanverðu)

Akureyri

Risaflugeldamarkaður í
húsnæði björgunarsveitarinnar
Súlna, Hjalteyrargötu 12

Grenivík

Björgunarsveitarhúsið
Ægisbúð

Dalvík

Gunnarsbraut 4

Hrísey

Björgunarsveitarhúsið,
Ægisgötu 13

Grímsey

Björgunarsveitarhúsið

Svalbarðseyri

Valsárskóli

Aðaldalur

Hjálparsveitarhúsið, lðjurgerði 1

Kópasker

Björgunarsveitarhúsið, Bakkagötu 6

Þingeyjarsveit

Björgunarsveitarhúsið að
Stóru-Tjörnum, Melgötu 9

Raufarhöfn

Björgunarsveitarhúsið Stjörnuvöð

Myvatnssveit

Björgunarsveitarhúsið,
Múlavegi 2

Þórshöfn

Björgunarsveitarhúsið Hafliðabúð,
Fjarðarvegi 6

Bakkafjörður

Björgunarsveitarhúsið Arnarbrúð

Vopnafjörður

Björgunarsveitarhúsið Vogabúð

Egilsstaðir

Björgunarsveitarhúsið,
Miðási 1-5

Seyðisfjörður

Björgunarsveitarhúsið,
Hafnargötu 17

Eskifjörður

Slysavarnahúsið, Strandgötu 11

Reyðarfjörður

Björgunarsveitarhúsið Þórðarbrúð

Borgarfjörður eystri

Björgunarsveitarhúsið Heiði

Djúpivogur

Sambúð, Mörk 12

Neskaupstaður

Nesgata 6

Breiðdalsvík

Björgunarsveitarhúsið,
Selnesi 8

Fáskrúðsfjörður

Slysavarnahúsið, Grímseyri 9

Hornafjörður

Hús Björgunarsveitarinnar,
Álaugarvegi 9

Kirkjubæjarklaustur

Björgunarsveitarhúsið á lðjuvöllum

Skaftártunga

Björgunarsveitin Stjarnan

Álftaver

Björgunarsveitin

Vík

Björgunarsveitarhúsið,
Smiðjuvegi 15

Vestur - Eyjafjöll

Heimaland
Björgunarsveitarhúsið,
Bræðrabúð

Hvolsvöllur

Björgunarsveitarhúsið,
Dufþaksbraut 10

Landeyjar

Björgunarsveitarhúsið Sléttuból

Hella

Flugbjörgunarsveitarhúsið,
Dyngskálum 34

Vestmannaeyjar

Björgunarsveitarhúsið,
Faxastíg 38

Flúðir

Björgunarsveitarhúsið,
Smiðjustíg 8

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Arnesi

Biskupstungur

Bjarkarbraut 2, Reykholti

Selfoss

Björgunarmiðstöðin, Árvegi 1
Austurvegi 23

Stokkseyri

Söluskúr við Smiðshús

Eyrbakkir

Björgunarsveitarhúsið,
Búðarstíg 21

Laugarvatn

við Samkaup-Strax,
Dalbraut 6

Hveragerði

Hjálparsveitarhúsið,
Austurmörk 9

Reykjanesbær

Björgunarsveitarhúsið,
Holtsgötu 51

Sandgerði

Björgunarsveitarhúsið,
Austurgarði 4-6 (við höfnina)

Vogar

Björgunarsveitarhúsið, lðndal 5

Garður

Björgunarsveitarhúsið
Þorsteinsbúð

Grindavík

Björgunarsveitarhúsið,
Seljabót 10



SÖLUSTADIR
UM ALLT LAND

Viðtækt starf Slysavarnafélagsins Landsbjargar miðar að því að bjarga mannlífum, verðmætum og koma í veg fyrir slys. Um eitt hundrað sveitir sjálfbæðaliða eru til taks allan sólarhringinn, alla daga ársins.

Flugeldasalan er helsta tekjulind björgunarsveitanna og getur skipt sköpum. Tryggðu eigið öryggi og keyptu flugeldana af okkur.



HUGINN  MUNINN

Herra og dömuskýrtur
Íslensk hönnun

www.huginnmuninn.is

gæði - þekking - þjónusta

VAKÚMVÉLAR HAKKAVÉLAR ... og svo miklu meira



Mikið úrval af tækjum sem henta
einstaklingum og fyrirtækjum

Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is



ALLT Á GÓLFIÐ

HÁGÆÐA VIÐARPARKET, HARÐPARKET OG VINYLARKET



Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



Krakkarnir létu 15 gráða frost í Finnlandi ekki stoppa sig og skelltu sér í ísbað. MYND/ÁGÚST TÓMASSON

Markmiðið að byggja brýr milli kynslóða

Nemendur í unglingadeild Vogaskóla hafa undanfarin misseri verið á ferð og flugi um Evrópu en um þriðjungur þeirra tekur nú þátt í Erasmus-verkefnum. Markmið samstarfsverkefnis með skólum í Finnlandi og Galísíu á Spáni er að byggja brýr milli kynslóða og vekja athygli á flóttamannavandanum í Evrópu.

SAMFÉLAG „Meginmarkmiðið er að byggja brýr milli kynslóða og milli þjóða og fólks. Krakkarnir kynnst lifir fólks af ólíkum kynslóðum í öðrum löndum,“ segir Ágúst Tómasson, kennari í unglingadeild Vogaskóla í Reykjavík, um Erasmus-verkefnið „Sögur sameina fólk, um gildi reynslunnar“.

Ágúst hefur haft umsjón með verkefninu sem kallast WOW sem stendur fyrir „Words Over Walls, en honum til halds og trausts er nafni hans og samkennari Ágúst Pétursson. Um er að ræða samstarfsverkefni Vogaskóla og skóla í Finnlandi og Galísíu á Spáni.

„Nemendur fara tveir eða þrír saman og hitta eldri borgara í sínu heimalandi. Svo kynna þau viðmælenda sinn fyrir hinum hópnum. Krakkarnir búa svo saman til sögur þar sem sögupersónurnar eru byggðar á þessum viðmælendum. Markmiðið er í rauninni ekki sögurnar sjálfar heldur að krakk-

arnir kynnst hverjir öðrum.“ Einnig er lagt upp með að vekja athygli krakkanna á flóttamannavandanum í Evrópu. „Við höfum farið með hópa héðan bæði til Finnlands og Galísíu þar sem við höfum hitt eldri borgara. Í Finnlandi hittum við meðal annars konu sem sagði frá vist sinni í fangabúðum Sovétmanna í seinni heimsstyrjöldinni þegar hún var níu ára. Það var mjög áhrifaríkt.“

Í tveimur heimsóknum til Galísíu hafa ólíkir hópar nemenda í Vogaskóla líka hitt hælisleitendur, bæði frá Úkraínu og Afríku.

„Það var svolítið sjókk fyrir krakkana að heyra sögur þeirra. Þetta er svolítið nálægt þeim því við höfum haft hælisleitendur í Vogaskóla sem hefur bæði verið vísað úr landi og sem til stendur að vísa úr landi. Þannig að þetta er líka svolítið í bakgrunninum hvernig við förum með fólk sem þarf að flyja að heiman af einhverjum ástæðum.“

Alls taka um 30 nemendur unglingadeildar Vogaskóla þátt í WOW-verkefninu auk annars Erasmus-verkefnis sem er að hefjast og fjallar um vatn og er í samvinnu við skóla í Tékklandi og Litháen. WOW-verkefninu, sem staðið hefur yfir frá haustinu 2017, lýkur næsta vor þegar nýir hópar frá Finnlandi og Galísíu koma til Íslands.

„Þetta er um þriðjungur unglingadeildarinnar sem tekur þátt í svona verkefnum á um tveimur árum. Þessir krakkar fara þá til útlanda og taka á móti erlendum gestum.“

Ágúst hefur áður tekið þátt í samþættingu evrópskum verkefnum og segir hann reynsluna góða. „Þetta er það sem krakkarnir muna eftir. Maður er núna að tala við krakka sem eru um tvisugt og tóku þátt í fyrra verkefninu sem ég var í. Þau segja það hafa verið hápunktinn á þeirra skólaveru að taka þátt í því verkefni.“ sighvatur@frettabladid.is

Snjallforrit velta meiru en í fyrra

TÆKNI Niðurhal á snjallforritum, eða öppum, fyrir snjallsíma jókst um tíu prósent á árinu miðað við árið í fyrra. Þá jókst velta appa um tuttugu prósent. Greiningarfyrrtækið App Annie tók tölfræðina saman og telur að bæði leikir og forrit sem krefjast áskriftar séu helstu orsakavaldarnir.

Þau þrjú öpp, önnur en leikir, sem veltu mestu á heimsvísi á árinu eru Netflix, Tinder og Tencent Video. Það síðastnefnda er einkum vinsælt í Kína en fleiri kinværsk öpp má finna á listanum. Til að mynda Youku og iQIYI.

Sé lítið til leikja eru Fate/Grand Order, Honour of Kings og Monster Strike í efstu þremur sætum. Neðar má finna kunnuglega titla á borð við Candy Crush Saga, Pokémon GO, Clash of Clans og Clash Royale.



Þessi er reyndar ekki með kveit á skjánum. NORDICPHOTOS/GETTY

Athygli vekur að Fortnite er ekki á listanum, en leikurinn er þó í boði fyrir Android og iOS. Ástæðan er sú að fyrir Android-síma er leikurinn ekki í appverslun Google, Play Store. Þessi stað er hann í sérstakri appverslun útgef-

andans, Epic Games. Búast má við því að fleiri fyrirtæki feti í fótspor Epic Games eða setji leiki sína í þá appverslun enda tekur fyrirtækið minni hluta af veltunni til sín en Google. Tólf prósent samanborið við þrjátíu. – þea



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Saman gefum við
5 krónur

af lítranum 27. og 28. des.
og styrkjum Slysavarna-
félagið Landsbjörg



-17 kr.

að auki, fyrir lykil- og korthafa
í Vinahópi Olís og ÓB

Allir sem eru nú þegar með lykil eða kort frá Olís eða ÓB
eru sjálfkrafa í Vinahópnum og njóta afsláttar og annarra
sérkjara þegar greitt er með lykli eða korti.

Kynntu þér Vinahópin á olis.is

Vinur við veginn





Rafmagnstjakkar
Kynningarverð:
282.897 kr. m/vsk

HANGCHA

RMI
OFNASMIDJAN
s. 511 1100 | www.rymi.is

Yljaðu ástvinum með Heliosa hitara í vetur



30% afsláttur í desember

Allir hitarnir eru farstyrðir.

Koma með 5m langri snúru og kló.

Margar gerðir til á lager 1300 til 3000 w. Hvítir og svartir.

30. ÁR 2018
Flísabúðin

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

f
Finnu okkur á facebook

ALUPROF **GEZE**



Bjódum upp á sjálfvirkan hurðaoopnunarbúnað, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

JARN&GLER

Járn & Gler ehf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarnogkler.is



Kona leitar í rústum skemmtigarðs sem eyðilagðist í hamförnum í bænum Sumber. NORDICPHOTOS/AFP

Björgunarstarf reynst erfitt vegna veðuröfga

Mikil úrkoma torveldar björgunarstarf á Jövu eftir að flóðbylgja skall á strandbyggðum á laugardaginn. Á fimmta hundrað látin. Veðrið, ölduhæð og áframhaldandi eldgos valda áhyggjum af möguleikanum á annarri flóðbylgju.

INDÓNESÍA Björgunarfólki í Indónesíu gekk erfiðlega að komast að afskekktari byggðum á vesturströnd eyjarinnar Jövu í gær til að aðstoða þá sem urðu illa úti í flóðbylgjunni sem skall á svæðinu í síðustu viku. Reuters greindi frá þessu.

Flóðbylgjan skall á strandbyggðum á Jövu og Súmötru við Sundasund eftir að gos hófst í Anak Krakatá, eða Barni Krakatá, á laugardag. Hluti af fjallinu hljóp í sjóinn og við það myndaðist flóðbylgjan. Á fimmta hundrað fórust í hamförnunum og fjölmargra er enn saknað. Þá slóuðust nærri 1.500 og 21.000 var gert að yfirgefa heimili sín og færa sig frá ströndinni.

Það þykir hafa gert hamfarirnar verri að engin flóðbylgjuviðvörðun var send út þar sem flóðbylgjan myndaðist vegna eldgoss en ekki jarðskjálfta.

Mikil úrkoma varð í gær á strönd Jövu og raskaði það samgöngum

talsvert. Vegir urðu að forarpyttum og bílalestir, sem ferjuðu til að mynda vinnuvélar sem nýta á til þess að hreinsa burt brak og mögulega bjarga fólki úr húsarústum, komust seint á áfangastað. Vegna hins mikla votviðris hafa sjálfbæðaliðar til dæmis þurft að byggja bráðabirgðabryr úr steypuklumpum.

Sutopo Purwo Nugroho, upplýsingafultrúi hamfarastofnunar Indónesíu, sagði við Reuters að neyðarástandi hafi verið lýst yfir og það væri í gildi til 4. janúar. Það ætti að gera björgunarfólki auðveldara að vinna vinnu sína.

Nugroho sagði björgunarfólk einbeita sér að bænum Sumur á suðvesturodda Jövu. Þar væru vegir stórskemmdir og því hafi þurft að ræsa af stað þylur til þess að flytja fólk og nauðsynjar á milli staða.

Yfirvöld í Indónesíu sendu á ný út viðvörðun í gær um að fólk bæri að halda sig fjarri ströndinni. Veður-

stofa ríkisins lagði til að fólk héldi sig í að minnsta kosti 500 metra fjarlægð. Enn gys í Barni Krakatá, ölduhæð er mikil og veðrið afar slæmt. „Þetta ástand gæti orsakað frekari skriður í fjallinu og þannig mögulega aðra flóðbylgju“, sagði Dwikorita Karnawati, forstöðumaður veðurstofunnar, á blaðamannafundi.

Fjörtán ár voru í gær liðin frá því að gríðarleg flóðbylgja skall á Indónesíu og allnokkrum öðrum ríkjum í Indlandshafi. Indónesar fóru verst út í hamförnunum en alls fórust nærri 230.000 í þeim hamförum. Indónesía liggur á Kyrrahafsfeldhringnum og er því miklð hamfarasvæði. Barn Krakatá á sér sömuleiðis hamfarasögu. Fjallid reis úr gíg eldfjallsins Krakatá, sem þá var neðan-sjávar, árið 1927. Það fjall gaus einu mesta gosi skráðar sögu árið 1883 og varð rúmlega 36.000 að bana.

thorngnyr@frettabladid.is

Andstöðuvígi kjósa ekki

AUSTUR-KONGÓ Kjósendur í þremur borgum í Austur-Kongó, sem Reuters segir að kjósi alla jafna aðra flokka en vinstrisinnaða ríkisstjórnarflokkinn PPRD, munu ekki fá að greiða atkvæði í forseta-, þing- og sveitarstjórnkosningunum sem fram fara þann 30. desember næstkomandi. Kjörstjórn landsins (CENI) greindi frá þessari niðurstöðu sinni í gær.

Ástæðan er sú að eðlufaraldur geisar nú í landinu, sá næstversti í sögu Afríku. Ekki verður því kosið í Beni og Butembo nú á sunnudaginn. Þá verður heldur ekki kosið í borginni Yumbi en það er vegna þjóðflokkaátaka. Kizito Bin Hangi, forseti mannréttindab-

áttusamtaka í Beni, sagði við Reuters að ákvörðunin væri óréttlát. Íbúar myndu mótmæla henni á fimmtudag og krefjast þess að fá að greiða atkvæði. Martin Fayulu, einn forsetaframbjóðenda stjórnarandstöðunnar, sagði í gær að það væri rökleysa að banna borgarbúum að kjósa vegna eðlú. „Við höfum nú þegar háð kosningabætti á þessum svæði. Þetta er enn ein brellan til þess að reyna að stela kosningunum,“ tisti Fayulu.

Upplýsingafultrúi UDPS, stjórnaandstöðuflokks sem býður fram Felix Tshisekedi til forseta, sagði að flokkurinn myndi taka þátt í kosningunum þrátt fyrir ákvörðun CENI. — þea

LANDSPÍTALI

Verðlaun

Auglýst er eftir tilnefningum til verðlauna úr Verðlaunasjóði í læknisfræði, stofnuðum af Árna Kristinssyni og Þórði Harðarsyni.

Verðlaunin nema kr 5.000.000

Pau veitast vísindamanni, sem náð hefur framúrskarandi árangri á sviði læknisfræði eða skyldra greina (þ.m.t. líffræði, lyfjafræði, hjúkrunarfræði, sálfræði, sjúkræðingun, lýðvísind o.s.frv.). Heimilt er að endurnýja fyrri tilnefningar. Frestur til tilnefninga er til 31.01.2019.

Tilkynnt verður um verðlaunahafa á Vísindum á vordögum á Landspítala 2019.

Stjórn Verðlaunasjóðs Árna Kristinssonar og Þórðar Harðarsonar, Hellulandi 10. Reykjavík 108
(thordhar@landspitali.is).

Áramóta bomba



25% afsláttur

af öllum snyrtivörum

27. desember - 1. janúar

Meira úrval í Smáralind og Kringlu



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

Spilling á þingi



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Nýleg könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um viðhorf þjóðarinnar til alþingismanna og spillingar sýnir að 65 prósent landsmanna telja að margir eða nánast allir þingmenn landsins séu viðriðnir spillingu. Einungis tvö prósent landsmanna telja svo að segja enga þingmenn vera spilla. Þessi niðurstaða ætti að vera alþingismönnum áfall, allavega ef þeir láta skoðanir þjóðarinnar sig einhverju varða.

Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart að þingmenn skuli fá fálleinkunn hjá meirihluta þjóðarinnar. Það má með allnokkrum rétti líkja Alþingi við skólabeikk þar sem svörtu sauðirnir koma óorði á allan bekkinn. Atburðir sem komið hafa fram í dagsljósið síðustu vikur og mánuði sýna að of margir svartir sauðir eru á þingi. Auðvitað hafa þeir verið þar á öllum tímum, en umhverfið er breytt. Hér áður fyrr gengu sögur af fyllirirugli þingmanna manna á meðal en það breytti litlu sem engu um stöðu þeirra. Í dag eru gerðar ákveðnar kröfur um sómasamlega framkomu. Þingmenn sem klæmast og tala ofurniðrandi um aðra á opinberum stað geta ekki lengur verið vissir um að vera í öruggu skjóli. Karlkynsþingmenn sem áreita konur geta ekki lengur talið sig næsta örugga um að komast upp með athæfi sitt. Að þessu leyti eru tímarnir breyttir og það til hins betra.

Undanfarið hafa verið opinberuð atvik sem lýsa ákveðinni siðblindu og siðspillingu þeirra þingmanna sem þar voru í aðalhlutverkum. Framferði þeirra var áfall, ekki bara fyrir Alþingi heldur þjóðina alla. Mjög líklegt er að í skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar hafi þátttakendur haft þessa atburði í huga þegar þeir dæmdu stjórnmálamenn spilla. Einhver kynni að reyna að hártoga þann dóm þjóðarinnar með því að þarna sé ekki spinning á ferð. Jú, spinning er það – og siðspilling skal það heita, kjósi einhver að fá nákvæmara orðalag.

Það er heldur ekki til að auka traust þjóðarinnar á þingmönnum að þeir meta flesta hluti út frá þröngum flokshagsmunum, ekki þjóðarhag. Komist stjórnmálamenn til áhrifa er eins og gripi þá af of marga óstjórnleg þörf til að hygla flokksfólki sínu frekar en að velja hæfasta fólkið til starfa. Rétt flokkskirteini skiptir þá meira máli en hæfileikar.

Mikið hefur verið gert úr tali þingmanns Miðflokksins á barnum um sendiherrastöður, en þar varð ekki betur séð en að hrossakaup tíðkast þegar velja á fólk í þau störf. Kemur það virkilega einhverjum á óvart? Orð þingmannsins hafa örugglega staðfest þá tilfinningu sem mjög margir hafa, sem sagt þá að annað annað hafi forgang við slíkt val en hæfni viðkomandi.

Líklegt er að þingmenn séu sárir vegna þess dóms þjóðarinnar að þeir séu spilla. Sé það einlægur vilji þeirra að breyta stöðunni verða þeir að leggja sig fram við að haga sér skikkana og einbeita sér að því að hugsa um hag þjóðarinnar frekar en að dekra við eigin flokksystkini.

Þingmenn hafa sannarlega verk að vinna. Til þess hafa þeir tækifæri því þarna á einmitt við að vilji er allt sem þarf.

Haldór



Frá degi til dags

Blika á lofti

Svo virðist sem Blika.is, nýr veðurvefur Einarar Sveinbjörnssonar veðurfræðings og Sveins Gauta sonar hans, fari vel af stað. Einar greindi frá því á Facebook yfir hátíðarnar að alls hefðu rúmlega 6.000 skoðað vefinn á fyrstu tveimur sólarhringunum og flett upp sinni staðsetningu. Einar og Blika spáðu í jólaveðrið og sagði hann að leita þyrfti aftur til ársins 2005 til þess að finna alíka hlýjan jóladag og í ár. Sé lítið á spá dagsins í dag á Bliku má gera ráð fyrir um fjögurra stiga hita í höfuðborginni og úrkomu.

Talandi um hlýindi

Fyrst við erum að ræða um óvenju hlý jól er vert að minnast á loftslagsbreytingar. The Guardian birti pistil á vef sínum þar sem birt var ráð til fólks sem vildi leggja sitt af mörkum í baráttunni við loftslagsbreytingar á nýju ári. Ráðið er einfalt. Boroðu minna af kjóti. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) metur útblástur gróðurhúsalofttegunda af kvikfjárækt jafnmikinn og af öllum bifreiðum og flugvélum heims. Rannsókn við meðal annars Oxford-háskóla leiddi svo í ljós að Vesturlönd þyrftu að minnka nautakjötsát um niutið prósent til að standast markmið Parísarsamkomulagsins. thorgnyr@frettabladid.is

Veggjöld – gott mál?



Guðmundur Edgarsson
málmenntafræðingur og kennari

Nú hillir undir að ríkið muni krefja vegfarendur um sérstök veggjöld. Mörgum þykir sem þar fari græðgi stjórnmálamanna út fyrir velsæmis-mörk þar sem útreikningar sýni að einungis hluti þeirra skatta og gjalda sem ríkið innheimtir nú þegar vegna vegaframkvæmda fari í slík verkefni. Á almenningur því ekki að klæðast gulum vestum og mótmæla?

Ekkí endilega. Gjald beintengt notkun er mun eðlilegri leið til fjármögnunar en óbeinir skattar. En þá þarf vitaskuld að fella niður allar álögur sem ríkið hefur hingað til eyrnamerkt vegaframkvæmdum. Síðan þarf að hefja stórtæka einkavæðingu vegakerfisins. Þá mun tvennt gerast. Vegirnir verða betri og öruggari og kostnaður vegfarenda lækkar verulega. Hvers vegna? Jú, þar sem samkeppni ríkir, aukast gæði og verð lækkar. Gildir þá einu hvort um er að ræða flugferðir og farsímabjónustu eða tölvur og sjónvörp. Hvi skyldi ekki það sama gerast með vegna? Ástæða þess að fólk er hrætt við einkavæðingu vega er grýlusögur um að vondir kapitalistar muni kaupa upp mikilvægar leiðir og hleypa fólki ekki í gegn nema gegn svindmáli gjaldi. En hversu trúverðugur er slíkur hræðsluáróður?

Væri Miklubraut einkavædd

Tökum dæmi af Miklubraut og einstaklingi sem þarf að komast til vinnu frá Grafarholti vestur í bæ. Hvað gæti hann gert? Fjölmargt, t.d. valið aðrar leiðir, verið oftar í samfloti, notað strætó eða unnið meira heima. Þá er viðbúið að vinnustaðurinn flytti yfir á svæði sem væri síður hæð Miklubraut. Enn fremur er líklegt að markaðsurinn fjárfesti í nýjum leiðum, t.d. í grennd við Miklubraut.

Eignarhald á Miklubraut væri gífurlega dýr fjárfesting sem ekki mætti við snöggri minnkun á umferð. Fjárfestar myndu því ekki þora að reka hana út frá gróðasjónarmiðum til skamms tíma enda viðbúið að þeir sætu þá eftir stórskuldingur með ónýtt orðspor að auki. Það ætti því að vera óhætt að einkavæða Miklubraut eða aðra vegu. Það eina sem stjórnmálamenn þyrftu þá að muna væri að afnema á móti allar opinberar álögur tengdar vegaframkvæmdum.



Þessi niðurstaða ætti að vera alþingismönnum áfall, allavega ef þeir láta skoðanir þjóðarinnar sig einhverju varða.

Búningar og leikföng eru jólagjafirnar í ár!

Galdrasett
Kr. 7.490

Viðarfrjós með dýrum
Kr. 10.490

Bessi
Kr. 4.490

Píla
Kr. 4.200

Hokus Pokus

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Hvað gerðum við rangt?

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Brennandi spurningar leita svars um þessi jól og áramót þar eð okkar heimshluti er nú í uppnámi. Evrópa hefur búið við samfelldan frið frá stríðslokum 1945 og undan er skilinn ófriðurinn á Balkanskaga eftir upplausn Júgóslavíu 1990-1992. Bandaríkin hafa einnig búið við frið heima fyrir ef árásin á New York og Washington 11. september 2001 er undan skilin. Bandaríkjamenn hafa þó ýmsa hildi háð fjarri heima- högum þennan tíma með misjöfnum árangri og við minnkandi oröstrir. Þeir áttu ásamt ESB veg og vanda af samfelldum friði í Evrópu frá stríðslokum 1945, lengsta friðarskeiði álfunnar um aldir, ásamt frekari framsókn lýðræðis eftir hrun kommúnismans í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu 1989-1991.

Friður og framfarir

Árin frá 1945 hafa ekki aðeins verið friðartími í Evrópu og Ameríku heldur einnig stórfellt framfariskeið hvernig sem á er lítið. Tekjur á mann í Evrópu hafa næstum fjórfaldast frá 1960 og þrefaldast í Bandaríkjunum líkt og í heiminum öllum. Það tekur nútímafólk því bara þrjá eða fjóra mánuði að afla tekna sem kostuðu forfedur okkar og meður heils árs fyrirhöfn 1960. Evrópa hefur dregið á Bandaríkin. Meðalævi Evrópumanna var hálfu ári skemmri en meðalævi Bandaríkjamanna 1960 og er nú orðin tveim árum lengri. Þjóðverjar voru að meðaltali 2-3 cm lægri í loftinu en hvítir Bandaríkjamenn 1960 og eru nú 2-3 cm hávaxnari.

Hverju sætir þessi viðsnúningur? Nærtæk skýring er að kjörum almennings er jafnar skipt í Evrópu en í Bandaríkjunum. Velferðarkerfi Þýskalands og annarra Evrópulanda er lengra á veg komið en velferðarkerfi Bandaríkjanna sem sætir fram á þennan dag linnulausum árásum af hálfu óvinveittra afla á vettvangi stjórnmálanna.

Misskipting hefur afleiðingar

Þar til nýlega hirtu margir lítt um skiptingu auðs og tekna. Tertian skiptir öllu máli, söguð menn keikir, en skipting hennar er aukatriði. Þar til fyrir fáeinum árum þótti Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) í París ekki vert að birta staðtölur um tekju-skiptingu í aðildarlöndum sínum. Enn í dag birta alþjóðastofnanir engar tölur um eignaskiptingu, en það gera nú aðrir undir forustu franska hagfræðingsins Thomas Piketty. Tölur um eignaskiptingu eru sums staðar feimnismál vegna þeirra eigna sem auðmenn hafa falið í skattaskjólum eins og Panama og eru nú fyrst að lita dagsins ljós í boði kjarkaðra upp-ljóstrara. Faldar eignir skekkja tölur um skiptingu.

Hugmyndin um að skipting auðs og tekna skipti ekki máli var að málið snerist um öfund. Menn sögðu: Markaðsbúskapur kallar á auðmenn og fjárfesta og við skulum fagna þeim frekar en að amast við þeim. En allt hefur sin takmörk. Ef misskipting gengur of langt gengur hún fram af fjölda fólks.

Bandaríkin, Bretland, Ísland

Byrjum í Bandaríkjunum. Hlutdeild ríkasta hundraðshluta bandarískra heimila í þjóðartekjum, þ.e. þess 1% heimilanna sem hæstar höfðu tekjur fyrir skatt, var 20% 1920-1930, og þá skall heimskreppan á. Síðan minnkaði hlutdeild ríkasta hundraðshlutans smám saman í 10% 1970-1980, sumpart í krafti velferðarlöggjafar að evrópskri fyrirmynd. Auðmenn létu ekki bjóða sér slíka leiðréttingu.

Ríkasti hundraðshlutinn vestra tekur nú aftur til sín 20% af þjóðartekjunum og stefnir hærra. Tugir milljóna Bandaríkjamanna sitja eftir með sárt ennþá einkum til sveita og binda vonir sínar um betri tíð við Trump forseta.

Af Bretlandi er svipaða sögu að segja. Þar minnkaði hlutdeild ríkasta hundraðshluta heimilanna úr 20% af þjóðartekjum 1920-1930 í 6% 1970-1980 og hefur síðan aukist aftur í 14%. Margir Bretar, einkum utan borganna, telja sig hafa orðið undir í baráttunni um brauðið og þeir þökkðuð fyrir sig með því að greiða atkvæði með

útgöngu Breta úr ESB. Svipuð þróun hefur átt sér stað víða annars staðar um álfuna þótt sveiflurnar þar séu minni en í Bandaríkjunum og Bretlandi.

Danmörk er undantekningin sem sannar regluna. Þar hefur hlutdeild ríkasta hundraðshluta heimilanna minnkað hægt og bitandi úr 13% af þjóðartekjum 1920-1930 í 6% nú. Danir skilja að skipting tertunnar skiptir máli.

Bandaríkin, Bretland, Ísland, ...

Í Bandaríkjunum ríkir nú tilfinnan-

legt öfremdarastand. Alríkisstjórnin greiddi mörgum starfsmönnum sínum ekki laun fyrir jólin vegna greiðslustöðvunar. Virðuleg dagblöð, sagnfræðingar, stjórnmálafræðingar o.fl. líkja Trump forseta við Hitler og Mussólíni. Bretland stendur einnig frammi fyrir miklu riski ef landið yfirgefur ESB í marz n.k. án samnings sem myndi tryggja slétt og fellð umskipti. Frakkar mótmæla ríkisstjórn Macron forseta með háreysti helgi eftir helgi. Mótmælendurnir koma einkum frá þeim hlutum landsins þar sem fólkinu hefur fækkað mest. Þannig getum við

farið land úr landi. Þau sem telja sig hafa orðið undir heimita leiðréttingu sinna mála. Það sem við gerðum rangt var að leyfa misskiptingunni að ganga of langt.

Launþegasamtökin hér heima ætla að heimita leiðréttingu á nýja árinu. Þau segja: Hingað og ekki lengra. Nú er komið að okkur að taka til snæðings, hugsa þau, svo ég vitni til aftríks máltaekis sem er ættað af sléttunum þar sem ljónin berjast um bráðina. Launþegasamtökin hafa afl til þess líkt og fyrr enda hefur vinnulöggjöfin í landinu staðið óbreytt frá 1938.



OPNUNARTÍMAR UM HÁTÍÐIRNAR



Vínbúðirnar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Reykjanesbæ og Selfossi

Fimmtudagur 27. desember	11.00 – 18.00
<i>Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur</i>	10.00 – 20.00
Föstudagur 28. desember	10.00 – 20.00
Laugardagur 29. desember	10.00 – 19.00
Sunnudagur 30. desember	Lokað

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á vinbudin.is

Við minnum á að áfengiskaupaaldurinn á Íslandi er 20 ár og biðjum fólk að hafa skilríki meðferðis.

Mánudagur 31. des., gamlársdagur	9.00 – 14.00
Þriðjudagur 1. janúar, nýársdagur	Lokað
Miðvikudagur 2. janúar	11.00 – 18.00
<i>Skeifan og Skútuvogur</i>	10.00 – 20.00
Vínbúðin Dalvegi verður lokað 2.-11. janúar	

 VÍNBUÐIN



Sean Dyche þakkar miðverðinum Michael Keane fyrir leikinn í gær en hann lék undir stjórn Dyche hjá Burnley í þrjú ár með góðum árangri. NORDICPHOTOS/GETTY

Stóru málin

eftir helgina í enska boltanum

Stærstu úrslitin

Liverpool nýtti tækifærið og bætti við forskotið á toppi deildarinnar með sigri á Newcastle.



Hvað kom á óvart?

Leicester fylgdi eftir sigri á Chelsea með því að vinna Man. City á heimavelli.



Mestu vonbrigðin

Manchester City varð af mikilvægum stigum og er nú sjö stigum frá toppliði Liverpool þegar deildin er hálfnuð.



Vandræði á Turf Moor

Burnley er í vandræðum þessa dagana þegar deildarkeppnin er hálfnuð. Varnarleikurinn sem hefur verið styrkleiki liðsins virðist nú vera helsti veikleiki þess.

FÓTBOLTI Burnley fékk enn einn skellinn á heimavelli sínum í gær þegar Everton vann 5-1 sigur á Turf Moor. Gylfi Þór Sigurðsson og félagar gerðu svo gott sem út um leikinn með því að skora þrjú mörk á fyrstu 22 mínútum leiksins þrátt fyrir að Burnley tækist að minnka muninn undir lok fyrri hálfleiks. Jóhann Berg Guðmundsson og félagar í Burnley eru í 18. sæti þegar tímabilið er hálfnað og þarf Sean Dyche, stjóri liðsins, að finna lausnir.

Dyche vann kraftaverk með Burnley á síðasta tímabili. Um tíma fyrir rúmu ári var Burnley í

» Burnley hefur þegar fengið fleiri mörk á sig (40) en á öllu síðasta tímabili (39).

fimmsta sæti og innsiglaði Evrópu-sætið á vordögnum þegar liðið vann fimm leiki í röð. Aðalsmerki liðsins var varnarleikurinn, Burnley fékk aðeins 39 mörk á sig yfir tímabilið. Kom það ekki að sök að Burnley var með neikvæða markatölu og aðeins fimm lið skoruðu færri mörk

en Burnley, öflugur varnarleikur sá til þess að liðið endaði í sjöunda sæti.

Á þessu tímabili hefur sagan verið önnur. Þegar næsti leikur gegn West Ham hefst hefur liðið aðeins unnið einn leik síðustu þrjú mánuði og er buið að fá á sig 40 mörk í 19 leikjum.

Fram undan eru leikir gegn Huddersfield og Fulham, leikir sem Burnley einfaldlega verður að vinna og er ekki ólíklegt að Dyche fái pening til að styrkja liðið í von um að Burnley nái að halda sæti sínu í efstu deild þriðja árið í röð.

kristinnpall@frettabladid.is



Enska úrvalsdeildin

Úrslit 19. umferðar 2018-19

Fulham - Wolves 1-1

1-0 Ryan Sessegnon (74.), 1-1 Romain Saiss (85.).

Burnley - Everton 1-5

0-1 Yerry Mina (2.), 0-2 Lucas Digne (13.), 0-3 Gylfi Þór Sigurðsson, viti (22.), 1-3 Ben Gibson (37.), 1-4 Digne (71.), 1-5 Richarlison (90+3.).

C. Palace - Cardiff 0-0

Leicester - Man. City 2-1

0-1 Bernardo Silva (14.), 1-1 Marc Albrighton (19.), 2-1 Ricardo Pereira (81.).
Rautt spjald: Fabian Delph (89.).

Liverpool - Newcastle 4-0

1-0 Dejan Lovren (14.), 2-0 Mohamed Salah, viti (47.), 3-0 Xherdan Shaqiri (79.), 4-0 Fabinho (85.).

Man. Utd. - Huddersfield 3-1

1-0 Nemanja Matic (28.), 2-0 Paul Pogba (64.), 3-0 Pogba (78.), 3-1 Mathias Jorgensen (88.).

Tottenham - B'mouth 5-0

1-0 Christian Eriksen (16.), 2-0 Son Heung-Min (23.), 3-0 Lucas Moura (35.), 4-0 Harry Kane (61.), 5-0 Son (70.).

Brighton - Arsenal 1-1

1-0 Pierre-Emerick Aubameyang (7.), 1-1 Jurgen Locadia (35.).

Watford - Chelsea 1-2

1-0 Eden Hazard (45+1.), 1-1 Roberto Pereyra (45+3.), 1-2 Hazard, viti (58.).

Staðan

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	S
Liverpool	19	16	3	0	43-7	51
Tottenham	19	15	0	4	42-18	45
Man. City	19	14	2	3	51-15	44
Chelsea	19	12	4	3	37-16	40
Arsenal	19	11	5	3	41-25	38
Man. Utd.	19	9	5	5	37-31	32
Leicester	19	8	4	7	24-22	28
Everton	19	7	6	6	31-29	27
Watford	19	8	3	8	26-27	24
Wolves	19	7	5	7	20-22	26
B'mouth	19	8	2	9	27-33	26
West Ham	18	7	3	8	25-27	24
Brighton	19	6	4	9	21-27	22
C. Palace	19	5	4	10	17-25	19
Newcastle	19	4	5	10	14-26	17
S'oton	18	3	6	9	19-33	15
Cardiff	19	4	3	12	18-38	15
Burnley	19	3	3	13	17-41	12
Fulham	19	2	5	12	17-43	11
Huddersf.	19	2	4	13	12-34	10

Okkar menn

